

19 fundur

Stjórnarfundur Umhverfisnefndar Mýrdalshrepps 26.febúrar 2020

Mætt eru aðalmenn: Æsa Guðrúnardóttir formaður, Bergný Sigurðardóttir, Magnús Sigurjónsson, Sigrún Jónsdóttir. Varamenn: Brynjar Ögmundsson. Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri situr fundinn.

Æsa ritar fundargerð.

- 1) Þorbjörg kynnir bækling fyrir sorpflokkun sem fer í dreifingu fljótlega. Verið er að bæta við brúnni tunnu fyrir lífrænan úrgang. 11.mars verður opið í two tíma í Leikskálum milli 17-19 þar sem starfsmenn Ögmundar Ólafssonar ehf munu afhenda fólk flokkunartunnur til að nota innandyra og maíspoka. Einnig verður kynning á nýrri moltugerðartunnu sem hægt verður að kaupa á tilboði þann dag og kynning á hvernig hún virkar. Einnig getur fólk keypt festingar þennan dag. Draumurinn er að sem flestir molti sjálfir og sem minnst verði keyrt á Selfoss. Það sem fer í brúnu tunnurnar verður keyrt á Selfoss í moltugerð sem aftur kemur hingað heim fyrir íbúa að nota. Verið er að reyna að ná því sem við megum urða á Sólheimasandi. Við megum urða 400tonn en eins og staðan er núna erum við að urða nálægt 600tonnum. Græjurnar til að spæna timbur sjálf kostar sveitarfélagið tugi milljóna og þarf að bíða eitthvað. Fljótlega verður líka hægt að flokka gler. Brynjar kemur því á framfæri að starfsmenn Ögmundar Ólafssonar ehf eru farnir að heimsækja fyrirtæki til að innleiða sorpflokkunina.
- 2) Þorbjörg kynnir Vor í Vík sem verður haldið núna í annað sinn. Í ár verður það 19.-26.apríl. Vel tókst til í fyrra og í ár viljum við gera enn betur. Kúst og fæjó þar sem fyrirtæki voru hvött til að taka klukkutíma í að taka til í kringum sig og sprella smá í leiðinni. Tiltektarkvöld og gámur vestur í þorp, gekk mjög vel og fín mæting. Virkja skólann. Ætlum að reyna að fá Jónas Sig. með tónleika. Leikskálar taupokavinnustofa o.fl. Folfmót og grill á Syngjandanum. Krakkaútileikir og grill. Grisjun á Syngjandanum. Verkefnum útdeilt milli stjórnarmanna.
- 3) Gamall ruslahaugur hefur verið að dreifa rusli síðustu vikur. Fjörulallar hafa séð um að halda fjörunni hreinni. Greinilegt er að finna þarf hauginn.
- 4) Síðustu two daga hafa olíuklístraðar langvíur og hringvíur verið að koma uppá fjörurnar við Vík. Umhverfisnefnd lýsir yfir áhyggjum af mögulegum olíuflekk undan ströndum Mýrdalshrepps. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Umhverfisstofnun og leita eftir viðbrögðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.22:00

Sigrún Jónsdóttir

Bergný Sigurðardóttir

Æsa Guðrúnardóttir

Magnús Ólafsson

Brynjar Ögmundsson